

L Ö G

5

29. febr.

um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur
úr ríkissjóði á árinu 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 66 1959, um bráðabirgða-
fjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, skal gilda til marzloka 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. febrúar 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

6

3. marz

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygg-
inganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið
1960 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 3. marz 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.